

161. fundur í stjórn Fræðslunetsins – símenntunar á Suðurlandi.

- Stjórnarfundur haldinn í Fjölheimum 30.10.2024 kl. 15.30

Mættir: Hulda Kristjánsdóttir formaður, Valdimar Hafsteinsson ritari, Kolbrún Erlendsdóttir, og Eyjólfur Sturlaugsson framkvæmdastjóri. Ester Ýr Jónsdóttir og Magðalena Jónsdóttir boðuðu forföll. Ester vegna verkfalls KÍ.

1. Námsframboð á haustönn 2024

Framkvæmdastjóri kynnti námsframboð haustsins 2024.

2. Húsnæðismál

Framkvæmdastjóri kynnti samkomulag um samstarf við greiningu á valkostum varðandi öflun á skrifstofu- og fræðsluhúsnæði á Selfossi sem Fræðslunetið er aðili að. Formanni og framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram.

Húsnæðismál í Vík og Kirkjubæjarklaustri rædd. Framkvæmdastjóra falið að segja upp skrifstofuhúsnæði Fræðslunetsins í Vík, þar sem það hefur ekki nýst að undanfögnu. Einnig að óska eftir breytingu á leigusamningi á Kirkjubæjarklaustri.

3. Afmælisfundur Fræðslunetsins vegna 25 ára afmælis

Kynnt var dagskrá og dagsetning afmælisfundar Fræðslunetsins sem haldinn verður 7.nóv. 2024 í tilefni 25 ára afmælis. Boðsbréf hafa þegar verið send út.

4. Starfsmannamál

Framkvæmdastjóri kynnti breytingar í starfsmannamálum, þar sem tveir starfsmenn láta af störfum á næstu mánuðum, auk annara breytinga. Framkvæmdastjóra falið að uppfylla starfsmannaþörf í þeirra stað.

5. Önnur mál

- a. Framkvæmdastjóri fór yfir helstu fréttir úr starfsemi Fræðslunetsins.
- b. Formaður leggur til að umræða um sameiningarhugmynd við Háskólafélagið verði frestað.

Ekki fleira fyrir tekið og fundi slitið kl. 17:15

Valdimar Hafsteinsson ritaði fundargerð